



Forseti, ágætu bæjarfulltrúar.

Það töluvert síðan ég flutti síðustu skýrslu bæjarstjóra en það var í lok nóvember síðastliðinn. Í desember var einungis einn bæjarstjórnarfundur en á honum var fjárhagsáætlun fyrir árið 2016 samþykkt.

Þessa síðustu viku í nóvember, það er frá bæjarstjórnarfundum 24. nóvember bar ýmislegt til tíðinda. Ég sótti fund í fjármálaráðuneytinu ásamt Andrési Ólafssyni fjármálastjóra og Jóhanni Þórðarsyni ráðgjafa vegna lífeyrisskuldbindinga Höfða en við sækjum það fast að fá samninga við Akraneskaupstað vegna skuldbindinganna en við erum með hæstu lífeyrisskuldbindingar hjúkrunarheimila á landinu. Ég tók á mótum viðurkenningu fyrir besta sveitarfélagavefinn á árlegri [ráðstefnu](#) innanríkisráðherra og skýrslutæknifélags Íslands um upplýsingatækni. Ég hélt erindi á [málþingi](#) Faxaflóahafna um sementsreitinn og fór í fræðsluferð að Helligshólsvirkjun ásamt bæjar- og borgarfulltrúum sveitarfélaganna sem standa að rekstri Orkuveitunnar. Á laugardegnum 30. nóvember tók ég þátt í athöfn í tengslum við tendrun [jólalrés](#) á Akratorgi.

Í vikunni á eftir – fyrstu vikunni í desember þá var ég viðstödd opinn fund skipulags- og umhverfisráðs en nemendur í Landbúnaðarháskólanum á Hvanneyri kynntu hugmyndir að [miðbæjarskipulagi](#) hér á Akranesi. Virkilega flott verkefni sem var unnið undir stjórn Helenu Guttormsdóttur í nánun samstarfi við Írisi Reynisdóttur garðyrkjustjóra.

Ég átti nokkra fundi þessa viku með einstaklingum sem eru í fyrirtækjarekstri á Akranesi en sat einnig viðtöl með fulltrúa frá Hagvangi vegna ráðningar í stöðu forstöðumanns menningar- og safnamála. Við vorum með aukafund í bæjarráði vegna fjárhagsáætlunar og í lok vikunnar var haldin árleg jólagleði með starfsmönnum bæjarskrifstofunnar.

Vikan á eftir byrjaði með hveli en þann 7. desember var spáð miklu óveðri á landinu. Ég kallaði til [fundar](#) með sviðsstjórum og fulltrúum lögreglu á svæðinu og var í reglulegum samskiptum við björgunarsveitina. Samskiptin við þessa aðila stóðu langt fram eftir kvöldi en það losnuðu plötur á efnisgeymslunni sem ollu sem betur fer ekki skaða en vegna takmarkaðs viðhalds er ákveðin hætta á ferðum í austan og suðaustan átt.

Vikan fór töluvert í vinnu vegna lokafrágangs fjárhagsáætlunar og starfsáætlunar og ráðningu [forstöðumanns](#) en ég kynnti ráðningaferilinn í menningar- og safnanefnd og síðan í bæjarráði sem tók endanlega ákvörðun um ráðninguna.





## Akraneskaupstaður

Ég sinnti líka skemmtilegum dómnefndar-störfum í Grundaskóla eins og undanfarin ár en þar er haldin [kaffistofukeppni](#) í skemmtilegustu jólaskeytingunum. Ótrúlega flott vinna hjá kennurum og nemendum. Ég var síðan með [erindi](#) í ráðhúsi Reykjavíkur í tilefni af 10 ára afmæli þjónustumiðstöðva borgarinnar.

Í vikunni 14 til 18 desember var fjárhagsáætlun samþykkt og bæjarstjórn borðaði saman að afloknum fundi, eins og hefðin er hér. Ég var viðstödd mjög skemmtilega [samverustund](#) með samsöng í Brekkubæjarskóla og flöggun [Grænfánans](#). Ég sat fjölmennan upplýsinga – og [umræðufund](#) Sambands íslenskra sveitarfélaga um niðurstöður yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga ásamt formanni bæjarráðs, fulltrúum í velferðarráði og sviðsstjóra. Ég átti fund ásamt formanni bæjarráðs með forsvarsmönnum hestamannafélagsins Dreyra en auk þess að óska eftir endurnýjun samnings um uppbyggingu reiðvega þá óska eftir því að bærinn virki þau lagaákvæði sem byggingareglugerð heimilar varðandi umgengni á svæðinu.

Ég hélt síðan fund með þeim fulltrúum almannavarna á Akranesi sem hafa starfað hvað lengst að þessum málum hér en bæjarráðs tók jákvætt í erindi lögreglustjórans á Vesturlandi um eina sameiginlega almannavarnanefnd fyrir allt Vesturland. Í dag er lögreglustjóri formaður almannavarnarnefndar Akraness og bæjarstjóri varaformaður. Markmið með þessum fundi var að ræða við þá heimamenn sem hafa hvað lengsta reynslu á þessu sviði hér á Akranesi en að mörgu er að huga varðandi fjármögnun og praktíska þætti ef ein nefnd verður á öllu starfssvæðinu. Til dæmis þá var stjórnstöð almannavarna á Vesturlandi staðsett í Stykkishólmi þann 7 desember, þegar óveðrið var en versta veðrið og mesti mannfjöldinn er hinsvegar hér á Akranesi.

Ég sótti svo jólaboð í Fjöliðjunni í lok vikunnar en það er hefð sem er búin að vera lengi og er mjög skemmtileg.

Á mánudeginum, 21 desember átti ég fund með formanni og varaformanni knattspyrnufélagsins og við undirrituðum [samning](#) til þriggja ára um Norðurálsmótið. Síðar þann sama dag tók ég þátt í [móttöku](#) á nýja skipinu Víkingi AK 100 og flutti ræðu og færði skipstjóranum, Alberti Sveinssyni gjöf fyrir hönd Akraneskaupstaðar. Ég átti svo fund um skjalamál með héraðsskjalaverði og átti einnig fund með nýráðnum forstöðumanni menningar- og safnamála.



## Akraneskaupstaður

Í upphafi árs hélt ég forstöðumannafund en á þeim fundum koma á þriðja tug forstöðumanna og verkefnisstjóra Akraneskaupstaðar, s.s. skólastjórar og aðstoðarskólastjórar, leikskólastjórar, forstöðumenn sambýla, sviðsstjórar og fleiri. Ég fór þar yfir ýmis mál eins og fjárhagsáætlun 2016 og niðurstöður ársins 2015 en það eru tvær stærðir sem skipta sveitarfélögin miklu máli og það er úthlutun úr [Jöfnunarsjóði](#), vegna fasteignaskatts, tekjujöfnunar og útgjaldajöfnunar og síðan [almenn](#) og sérstök [framlög](#) vegna fötlunarmála. Því miður fá sveitarfélögin þessar upplýsingar ekki fyrr en í kringum miðjan desember en í ár afgreiddi alþingi tillögurnar enn seinna en venjulega.

Ég átti fund með fulltrúum FEBAN ásamt formanni bæjarráðs og formanni velferðar- og mannréttindaráðs en þar var fulltrúum FEBAN kynnt sú hugmynd bæjaryfirvalda að í tengslum við endurskoðun á [deiliskipulagi](#) á Dalbrautarreitnum þá yrði auglýst eftir áhugasömum byggingaraðilum sem væru tilbúnir að byggja þjónustumiðstöð í skiptum fyrir lóð. Fulltrúar FEBAN hafa áhyggjur af því að það lengist stöðugt í að það rísi þjónustumiðstöð og það þarf að huga að skipulagi félagsstarfsins næstu árin. Verkalýðsfélagið er tilbúið að leigja Akraneskaupstað húsnæðið áfram að Kirkjubraut en vill endurskoða verðlagninguna.

Í vikunni á eftir átti ég mjög góðan fund með Ásgerði Halldórsdóttur bæjarstjóra Seltjarnarnesbæjar, ásamt bæjarritara Seltjarnarness og sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs Akraneskaupstaðar. Stjórnsýsla Seltjarnarneskaupstaðar hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum og Seltjarnarnes er oftast í fyrsta sæti í [könnunum](#) varðandi viðhorf íbúa til þjónustunnar og margt hægt að læra af þeim í tengslum við endurskoðun verkefna og verkferla. Bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi hafa nýtt sér rekstrarráðgjöf í töluverðum mæli og gerðu til dæmis greiningu á öllum störfum í stjórnsýslunni og það kom í ljós mikill munur á verkefnastöðu starfsmanna. Úttektin kostaði árslaun ráðgjafa en á móti kemur kostnaður sveitarfélaga við stöðugildi sem nýtast ekki á réttan hátt og því mikilvægt að vera í stöðugri endurskoðun með verkefni og starfslýsingar.

Ég skrifaði undir [samning](#) fyrir hönd Akraneskaupstaðar varðandi afreksípróttabraut í Fjölbrautarskóla Vesturlands en það er samstarfsverkefni skólans, ÍA og fjölbrautarskólans. Mjög metnaðarfullt verkefni sem á vonandi eftir að skila ánægðum nemendum.





## Akraneskaupstaður

Ég sótti [neyðarfund](#) um stöðu hjúkrunarheimila sem var haldinn í húsnæði Hrafnistu í Kópavogi en þar var samþykkt ályktun til nokkurra ráðherra um að taka þessi mál föstum tökum og meðal annars að gera upp lífeyrisskuldbindingar hjá hjúkrunarheimilum sem eru í eigu sveitarfélaga, en fjármálaráðherra hefur þegar samið við sjálfseignarstofnanir.

Ég sótt afmælisveislu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar sunnudaginn 17. janúar fyrir hönd Akraneskaupstaðar en starfsfólk Akraness og Seltjarnarness eru meðlimir í félaginu auk starfsmanna Reykjavíkurborgar. Félagið átti 90 ára afmæli.

Ég fór í vettvangsferð sem var skipulögð af sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs fyrir hönd ráðsins á Sauðárkrók og í Þorlákshöfn og Grindavík, til að skoða fiskþurrkunarverksmiðjur en umræða og kosninga um [deiliskipulag](#) hefur verið tekin fyrir hér fyrir á fundinum.

Ég sat ásamt öðrum forstöðumönnum Akraness námskeið síðasta fimmtudagsmorgunn um kostnaðarstjórnun þar sem rýnt var í þá þætti sem hafa mest áhrif á kostnaðarmyndun. Ég sat kynningarfund ásamt fulltrúum velferðar- og mannréttindasviðs með fulltrúum frá fyrirtæki sem eru að þróa hugbúnað til notkunar í heimaþjónustu.

Ég átti fund með aðilum sem tengjast fjölbrautarskólanum, um ýmis mál rétt fyrir helgi og á laugardeginum sótti ég svo Þorablót Skagamanna eins og 20 % bæjarbúa sem hafa aldur til. Þar veitti ég þeim Einari J. Ólafssyni og Ernu Guðnadóttur viðurkenningu sem [Skagamenn](#) ársins 2015.

Ég hef stiklað á stóru varðandi þá fundi sem ég hef sótt á þessu tímabili en þess ber að geta að stór hluti starfsins fer í innri málefni, svo sem í tengslum við starfsmannamál, stjórnýslu, undirbúning funda bæjarráðs og bæjarstjórnar, ábendingar og kvartanir einstaklinga og fjölmiðlasamskipti. Og svo eru auðvita verkefni sem hafa verið á vinnslustigi og ekki hægt að gefa upplýsingar um fyrr en á síðari stigum og þannig var það til dæmis með kvikmyndina [Fast 8](#) á vegum Universal sem verður tekin upp hér í vor. Við höfum haldið þessum upplýsingum þétt að okkur að beiðni fyrirtækisins en málið er nú komið á það stig að það er mikilvægt að upplýsa bæjarbúa um það sem er í vændum. Takk fyrir áheyrnina!

*Ræða bæjarstjóra, Regínu Ásvaldsdóttur, flutt á 1226 fundi bæjarstjórnar Akraness, þann 26. janúar 2016.*